

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra 2012

Komið þið sæl og hjartanlega velkomin. Það er gaman að sjá ykkur hér á Selfossi á ársfundum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands.

Það er stutt frá síðasta ársfundum sem var 23. nóvember og margt af því sem þar var sagt er enn í fersku minni, of litlar fjárveitingar og annað þess háttar. Ég ætla ekki að koma mikið inn á slíkt í þessu yfirliti heldur vekja athygli ykkar á nokkrum rannsóknaverkefnum sem starfsfólkið okkar vann á síðasta ári. Á setrunum er verið að vinna mörg mjög áhugaverð rannsóknaverkefni sem mörg byggjast á sérstökum aðstæðum í héraði og eru unnin í samstarfi við heimamenn. Þetta verður ekki neitt heildar yfirlit, heldur ætla ég að grípa niður hér og þar, í þau verkefni sem mér þykir sjálfum skemmtilegust. Ég vona að forstöðumennirnir fyrirgefi mér það. En fyrst nokkur almenn atriði um starfseminu á árinu 2011.

1.1 Almenn atriði

Í vor var heiti stofnunarinnar breytt úr Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands í Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands. Jafnframt voru heiti setranna samræmd. Þau nefnast nú öll Rannsóknasetur Háskóla Íslands og eru síðan kennd við viðkomandi stað, til dæmis Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi. Með breytingunni er lögð áhersla á rannsóknahlutverk setranna, tengsl þeirra við Háskóla Íslands og staðsetningu þeirra.

Stjórn stofnunarinnar var, auk undirritaðs sem er stjórnarformaður, skipuð þeim Erlu Björk Örnólfsdóttur framkvæmdastjóra Varar, sjávarrannsóknarseturs við Breiðafjörð, en sem er nýráðinn rektor Háskólans á Hólum, Hreini Haraldssyni vegamálastjóra, Jörundi Svavarssyni prófessor við Háskóla Íslands og Steingerði Hreinsdóttur verkefnisstjóra hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands og stjórnarformanni Háskólafélags Suðurlands sem tók við af Rannveigu Ólafsdóttur dósents í ferðamálafræði í byrjun árs. Mig langar að þakka Rannveigu góð störf fyrir Stofnun rannsóknasetra og einnig Erlu Björk sem nú hverfur úr stjórninni hjá okkur. Ég óska Erlu Björk jafnframt velfarnaðar í nýja starfinu.

Árið 2011 voru starfrækt átta rannsóknasetur: á Höfn í Hornafirði, í Árborg og í Gunnarsholti á Suðurlandi, í Sandgerði á Suðurnesjum, Stykkishólmi á Snæfellsnesi, í Bolungarvík og Patreksfirði á Vestfjörðum, Skagaströnd á Norðurlandi vestra og á Egilsstöðum á Austurlandi. Ársverk voru rúmlega 16 og starfsmenn um 28, þar af níu í fullu starfi allt árið, auk þess sem fjöldi meistara- og doktorsnema nýtti aðstöðu á setrunum. Einnig fengu erlendir fræðimenn aðstöðu við sum setranna til skemmri tíma.

Birna Gunnarsdóttir verkefnisstjóri hjá Rannsóknþjónustu Háskólans hefur annast stjórnsýslu og fjármálaumsjón og notið aðstoðar Ástu Sif Erlingsdóttur og Úlfars Gíslasonar. Samtals nam vinnuframlag þeirra u.þ.b. einu ársverki. Mig langar að þakka Birnu ómetanlega aðstoð við undirbúning þessa ársfundar.

Þá að rannsóknaverkefnunum. Þið getið lesið ítarlegar um þau í bæklingnum sem liggur frammi, og þar er listi yfir greinar og erindi sem starfsfólkið hefur flutt, ég ætla hins vegar að grípa niður hér og þar. Ég byrja á Snæfellsnesi og fer hringinn kringum landið réttsælis og enda á Sandgerði.

1.2 Snæfellsnes

Rannsóknir á fuglum eru aðalverkefni Rannsóknasetursins á Snæfellsnesi enda Snæfellsnes mikið fuglaland. Jón Einar Jónsson forstöðumaður er sérfræðingur í andfuglum og rannsakar m.a. æðarfugl. Þórður Örn Kristjánsson er doktorsnemi Jóns Einars í þeim fræðum og Smári Lúðvíksson æðarbóndi í Rífi starfaði með þeim að rannsóknum í æðarvarpinu þar. Það er gaman þegar gott samstarf myndast með rannsóknafólki og þeim sem nýta náttúruna, þá kemur oft eitthvað merkilegt og skemmtilegt fram.

Rannsóknasetrið samdi texta um líffræði æðarfugls fyrir sýningu um æðarfugl og æðarrækt sem nefnist Æðarsetur Íslands, og var sett upp í Norska húsinu á Stykkishólmi sumarið 2011. Nú er rætt um Náttúruminjasafn Íslands og minn draumur er að það sýni náttúru Íslands úti í sjálfri náttúrunni, en ekki í glerbúrum í steypukassa í Reykjavík, að vítt og breitt um landið verði sérhæfðar sýningar sem ættu að heita „Gestastofur að náttúru Íslands“ þar sem væru upplýsingar um þá þætti náttúrunnar sem einkenna nálæg svæði. Þá gætu gestir komið og fræðst um efnið í gestastofunni, en farið síðan út í náttúruna og skoðað hana. Nú þegar eru ótal slík setur um allt land sem hnýta mætti saman í eitt Náttúruminjasafn Íslands, ég nefni Sagnagarð Landgræðslunnar í Gunnarsholti, Fuglasafnið í Mývatnssveit og síðast en ekki síst gestastofur þjóðgarðanna og mun nefna fleira síðar í þessu erindi. Slíkt verði gert í samvinnu heimamanna og vísindamanna, einmitt samstarf eins og það sem ég nefndi um Æðarsetrið þar sem fræðst er um æðarfugl í setrinu og síðan gengið út í náttúruna og fylgst með fuglinum. Þannig mætti fá nútímalegt Náttúruminjasafn fyrir lítið, ef svo má segja, dreift um allt land.

Rannsóknasetrið á Snæfellsnesi er svo lánsamt að Arnþór Garðarsson, professor emeritus við HÍ, sinnir þaðan rannsóknum á dílaskarfi ásamt Jóni Einari og Úlfari Henningssyni flugmanni. Skarfatalningin hefur farið fram í 21 skipti.

Svo er þarna unnið að rannsóknum á lunda, æðarfugli, máfum og ritu.

Fyrir utan „alvarlegar rannsóknir“ á fuglum var við setrið unnið að tveimur skemmtilegum verkefnum sem tengjast staðnum og staðháttum sem mig langar að segja ykkur frá.

Fyrri dæmið er að Rannsóknasetrið átti samstarf við grunnskólann á Stykkishólmi um að tengja kennslu í skólanum við lundarannsóknir á vegum setursins. M.a. smíðuðu nemendur 10. bekkjar mismunandi útgáfur af lundum úr krossviði sem var komið fyrir í eyjum í nágrenni Stykkishólms til að kanna hvort nýta megi tálflugla til að endurvekja gömul lundavörp. Það er gaman þegar samstarf tekst við unga fólk á staðnum.

Síðara dæmið er að Arnór Þrastarson líffræðinemi vann verkefnið „Fuglaskoðun á Snæfellsnesi og í Döllum. Grunnupplýsingar ætlaðar ferðapjónustu og ferðamönnum” sem Rannsóknasetrið og Náttúrustofa Vesturlands (NSV) stóðu sameiginlega að með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Þetta eru dæmi um að Rannsóknasetrið starfar með heimamönnum og reynir að styrkja þeirra starf og einnig dæmi um ágætt samstarf sem Rannsóknasetrin eiga við náttúrustofur sem á mörgum stöðum starfa á sama svæði.

1.3 Vestfirðir

Rannsóknasetrið á Bolungarvík rannsakar líf í sjó og vötnum en þar er einnig ferðamennsku rannsókuð, allt undir styrki stjórn Guðbjargar Ástu Ólafsdóttur.

Guðbjörg Ásta rannsakar m.a. villt þorskseiði og reynir að skilja þá vistfræðilegu þætti sem ráða afföllum og uppkomu seiða, svo sem botngerð, samkeppni og afrán. Þegar hefur fengist ný þekking um botntöku, fæðu og ferðir þorskseiða. Slíkar rannsóknir hljóta að hafa grundvallar þýðingu fyrir þjóð sem lifir af að veiða þorsk og það hefur lengi vakið undrun mína hve lítið virðist vitað um þessi atriði. Nú eru hugmyndir um námuvinnslu á uppeldisstöðvum þorsksins hér fyrir utan strönd Suðurlands og þá er áreiðanlega þörf á svona þekkingu.

Í byrjun árs 2011 kom til starfa við Rannsóknasetrið á Vestfjörðum fornleifafræðingur Ragnar Edvardsson. Ragnar hefur m.a. rannsakað fornar hvalveiðistöðvar Baska á Vestfjörðum, sem gefur innsýn í lítt þekkt tímabil í sögu Vestur Evrópu, það er að segja nýtingu sjávarfangs í Atlantshafi. Á árinu fékk Ragnar styrk úr Fornleifasjóði til að hefja rannsóknir á póstskipinu Phönix sem fórst við Snæfellsnes árið 1881. Ragnar var þar með kominn á kaf í sjó, því verkefnið er fyrsta skipulagða mæling neðansjávarminja við Íslandsstrendur. Það hljómar undarlega en verkefnið er unnið í samstarfi við Embætti ríkislögreglustjóra. Auðvitað eru öll afbrot frá árinu 1881 löngu fyrnd, en atvinnukafarar Embættis ríkislögreglustjóra gefa vinnu sína við rannsóknina og er þannig mögulegt að framkvæma tíma- og fjárfreka rannsókn langt undir raunkostnaði.

Annað mjög áhugavert verkefni á Vestfjörðum er þverfræðilegt rannsóknaverkefni um nýtingu sjávarauðlinda, einkum þorsks, á Íslandi á sögulegum tíma. Þar eru notaðar erfðafræðilegar og efnafræðilegar greiningar á þorskbeinum í fornum ruslahaugum til að kanna breytileika í stofnuppbyggingu þorsks frá landnámi til nútíma. Erfðaefni beinanna er greint sem

minnir á Jurassic Park, en þó eru litlar líkur á að fornir risaporskar verði endurvaktir sem geti valdið ógn og skelfingu. Þessar upplýsingar verða notaðar til að finna og meta stofnsveiflur í hafinu á liðnum tíma og áhrif þeirra á samfélög í sjávarbyggðum.

1.4 Skagaströnd

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra er á Skagaströnd og þar er forstöðumaður Lára Magnúsdóttir sagnfræðingur. Meginviðfangsefni Rannsóknasetursins eru sagnfræðirannsóknir. Á margan hátt er sagnfræði erfiðara fag að reka í setri úti á landi en líffræði, sem maður bjóst eiginlega ekki við því maður hélt að sagnfræðingar þyrftu bara blýant og tölvu. En það eru hvergi nein sérstök skilyrði sem skapa sérstöðu fyrir sagnfræði. Aðstaða sem sagnfræðingar þurfa eru bækur, en góð sagnfræðileg bókasöfn er ekki víða að finna. Rannsóknasetrið á Skagaströnd var svo lánsamt að erfingjar Halldórs Bjarnasonar sagnfræðings gáfu setrinu bókasafn hans sem er með gott þversnið af sagnfræðiritum. Með velvilja Skagstrendinga fékkst hið ákjósanlegasta húsnæði fyrir safnið á efri hæð gamla kaupfélagshússins á Skagaströnd, þar sem Rannsóknasetrið er með skrifstofu í sambúð við annað rannsóknafólk. Þar hefur bókasafninu verið komið fyrir og þar er nú góð lestrar- og vinnuástaða fyrir 10 – 15 manns. Fjarkennslustofu sveitarfélagsins var komið fyrir á sömu hæð og hefur þarna orðið til einstaklega viðkunnanlegt rými. Bókasafnið sjálft og rýmið sem fylgir því gerbreytir allri starfsaðstöðu á Rannsóknarsetrinu og þar er nú mjög góð aðstaða fyrir rannsóknanemendur og gestafræðimenn og eins er nú aðstaða fjarnema miklu betri og þeir í nábýli við rannsóknir sem er skemmtilegt og hvetjandi fyrir þá.

1.5 Húsavík

Til Húsavíkur koma nú um 50 þúsund manns á ári til að fara á sjó og sjá hvali. Þar er líka Hvalasafn með mörgum gripum og miklum upplýsingum um hvali, sem Rannsóknasetrið á í góðu samstarfi við. Þar er önnur möguleg „Gestastofa að náttúru Íslands“ þar sem fólk getur fræðst um hvali og síðan farið á sjó og skoðað þá lifandi. Forstöðumaður á Húsavík er Marianne Rasmussen, dönsk kona sem rannsakar m.a. hljóð og söng hvalanna. Hún er því miður ekki hér, hún er þessar vikur á Grænlandi að telja hvali og rostunga af hafís og þyrlum. Doktorsnemi hennar er Edda Elísabet Magnúsdóttir sem einnig hlustar á hvalahljóð og hvalasöng.

Eins og nærri má geta fer maður ekki niður í fjöru og leggur eyra við sjávarflötinn til að hlusta á hvali. Marianne hefur til þess ýmis tól, hljóðnema sem dregnir eru á eftir bátum og bojur sem sökkt er á hafsbötn og nema og skrá hljóð hafsins. Það er heilmikil útgerð að koma þessu fyrir úti á Skjálfandaflóa og ná í það aftur, einhverra hluta vegna virðist helst þurfa að gera það á Þorranum en ekki í sumarblíðu.

En það er ekki bara hlustað á hvalina syngja. Marianne hefur með sér hóp af nemendum og sjálfboðaliðum sem fara út með hvalaskoðunarbatunum og taka myndir af hvölunum og skrá og setja í safn. Með því að þekkja hvalina og skrá hvar hver er á hverjum tíma er hægt að fylgjast með ferðum þeirra, en mjög lítið er vitað um ferðir hvala. Hverjir hér inni vita t.d. að í febrúar voru stórhveli rétt utan við höfnina í Hafnarfirði? Ég sá þá sjálfur úr fjörunni. Myndasafnið er unnið í samstarfi við Hvalasafnið á Húsavík og Hafró og þetta væri ekki hægt að gera nema vegna áhuga og velvilja hvalaskoðunarfyrirtækjanna á Húsavík sem lofa rannsóknafólki okkar að koma með í hvalaskoðunarferðirnar. Það væri mjög dýrt að leigja báta í svona verk.

Á Húsavík er líka skoðað hvaða áhrif hvalaskoðunarbatarnir hafa á hegðun og ferðir hvalanna sem er hluti af norrænu verkefni um áhrif ferðamennsku á villt dýr.

Á Húsavík hefur í nokkur ár verið haldið meistaranámskeið um hvali. Síðasta sumar sóttu námskeiðið tuttugu og sex nemendur víðs vegar að úr heiminum.

1.6 Egilsstaðir

Starfsemi á Austurlandi hefur legið niðri um skeið en þar eru þó rekin nokkur verkefni í samstarfi við heimamenn.

Á síðasta ári var eitt af þeim að styðja við fjarkennslu í aðferðafræði á Austurlandi á vegum menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Þetta var gert í samvinnu við Þekkingarnet Austurlands. Um tuttugu nemendur af Austurlandi í meistaranámi voru í námskeiðinu og í stað þess að þeir færu suður til Reykjavíkur í staðlotur kostaði Rannsóknasetrið kennarana til að fara austur. Tvær ferðir austur í stað 20 ferða suður, sem sparaði bæði tíma og fé. Að auki réð setrið tvo aðstoðarkennara á svæðinu, þær Sigrúnu Harðardóttur og Tinnu Halldórsdóttur til að vera nemendum til aðstoðar einu sinni í viku og létta þeim þar með fjárnámið. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag og það stuðlar að námi í heimabyggð og að sérfræðingar þar nýtist í kennslu á háskólastigi.

1.7 Höfn

Á Hornafirði markast starfsemin af að þar starfa annars vegar Þorvarður Árnason umhverfis- og náttúrufræðingur og forstöðumaður Rannsóknasetursins og hins vegar Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur. Þar eru því annars vegar stundaðar rannsóknir á sviði umhverfismála, ferðamála og náttúruverndar og hins vegar rannsóknir á bókmenntum og listum. Þorvarður er því miður ekki hér, hann er staddur í Brussel.

Á árinu lauk svonefndu NEED verkefni, fjölþjóðlegu samstarfsverkefni um þróun umhverfismenntar og fræðandi ferðaþjónustu í tengslum við friðlýst svæði. Þetta er annað verkefnið af slíku tagi sem Rannsóknasetrið rekur og þau hafa óumdeilanlega haft mikil áhrif á ferðaþjónustu í fjórðungum, enda hafa fjölmargir aðilar tekið þátt í þessum verkefnum, skólar

með náttúruskóla og ferðaþjónustuaðilar af ýmsu tagi. Setrið hefur verið mjög virkt í ýmiss konar rannsóknum á ferðaþjónustu, má t.d. nefna rannsóknir á viðhorfum ferðamanna til vetrarferðamennsku, rannsóknir á útivistarhegðun ferðamanna í Vatnajökulsþjóðgarði og matarferðamennsku, m.a. tekur það þátt í verkefninu „Matur og sjálfbær ferðaþjónusta“ sem er samstarfsverkefni fjölmargra innlendra aðila undir forystu Matís.

Soffía Auður er sérfræðingur í Þórbergi Þórðarsyni og hefur haft mikið samstarf við Þórbergssetur á Hala, eins og þeir sem sóttu ársfund Stofnunar rannsóknasetra haustið 2010 á Höfn muna.

1.8 Suðurland

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um Suðurland. Ekki af því að það væri ekki hægt, heldur vegna þess að forstöðumaður Rannsóknasetursins, Tómas Gunnarsson mun halda erindi hér á eftir. Í setrinu eru stundaðar rannsóknir á vistfræði, m.a. vistfræði fugla og einnig landnotkun. Fuglana læt ég Tómas alfarið um, en mig langar að minnast á landnotkunina. Hér á Suðurlandi er sérstök ástæða til þess að rannsaka landnotkun, hér eru mestu sumarbústaðabyggðir landsins, hér eru búskaparhættir að breytast úr nautgripa- og sauðfjárrækt yfir í hestabúgarða og svo framvegis. Gott landbúnaðarland fer til annarra nota sem er íhugunarefni nú þegar fólki fjölgar sífellt í heiminum og sífellt dýrara verður að flytja mat heimshornanna á milli. Aðstaða til rannsókna er líka góð hér því hér er rannsóknasetur Landgræðslunnar þar sem Rannsóknasetrið okkar er með aðstöðu. Því miður hefur Rannsóknasetrið hér rýrari fjárveitingu en önnur Rannsóknasetur, að Sandgerði undanteknu og það hindrar að fleira fólk komi hér til starfa. Úr þessu er áriðandi að bæta. En Tómas mun segja ykkur meira um Suðurland.

1.9 Sandgerði

Það sama á við um Sandgerði. Halldór Pálmar Halldórsson forstöðumaður þar mun flytja hér erindi á eftir og segja ykkur frá því. Í Sandgerði er mikil og góð aðstaða til ýmiss konar rannsókna á lífríki sjávar og nálægðin við Háskóla Íslands á Melunum skapar mörg tækifæri í sambandi við rannsóknir og kennslu. Halldór er einnig skipstjóri á bát Háskólans, Sæmundi fróða, væntanlega eini skipstjóri Háskóla Íslands.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég vona að mér hafi tekist að vekja áhuga ykkar á verkefnum Rannsóknasetrana, t.d. nægan til þess að skoða og lesa bæklinginn sem hér liggur frammi og lýsir starfseminni nánar en ég gerði.

Þakka ykkur fyrir.